

Kuningi, minn einn hefur einlægt lýst áhuga sínum á því að setjast að í Sheffield og smíða þar klaufhamra! En jafnvel þó íbúar Sheffield séu flinkir í klaufhamragerð er þeim fleira til lista lagt, — að minnsta kosti sumum. Hér og nú nefni ég til sögunnar Eddie Tudor, þann heiðursmann, sem í öndvegi situr í hljómsveitinni Tenpole Tudor. Eddie er geysilega langur, svo langur að elstu menn muna varf annað eins og svo hefur hann þessi líka starandi augu og fjarræna augnarád. Hinir eru svo sem heldur engir venjulegir júlíusar, þeir Bob, Dick og Gerry.

En byrjum á byrjuninni. Eddie hóf tónlistarferil sinn einn á báti. Hann hefur sagt frá því að einn daginn hafi hann fundið hjá sér sterka löngun til að gera eitthvað í stað þess að sitja ævinlega á sömu þúfunni. Hann vann hörðum höndum í sex mánuði og lét drauminn ræstast, keypti sér rafmagnsgítar! Er það ekki einmitt á þennan hátt sem rokkstjórnur verða til?

„Öðruvisi“ hljómsveit

Að því er þó að hyggja að frá fyrstu sporum til frægðar getur verið órævegur og sennilega eru þau tilvikin fleiri þar sem spörin hafa orðið fjarska mörg en frægðin fjarska lítil. Eddie Tudor tróð upp einn með gítarinn sinn en varð lítt ágengt. Hann sá að við svo búið mátti ekki standa og stofnaði hljómsveit. „Það getur enginn rokkað verulega einn“, segir hann.

Tenpole Tudor er „öðruvisi“ hljómsveit, hún er að visu ósvikin bresk gæðavara, en samt hefur hún nokkra sérstöðu. Rokkinu er smurt yfir hana eins og þykku brilljantíninu. Í hárið á Bob, sagði breskur blaðamaður. Hann bætti við að hljómsveitarmedlimir væru allir álika vingjarnlegir og tebolli þrátt fyrir villimannslegt útlit.

Eddie Tudor er það sem íslenskar heldri konur myndu kalla hirðulausan. Það þarf engum að láta sér detta í hug að skyrtan hans haldist ón búxunum nema örskamma stund. Bæði skyrtan og buxurnar eru hólkvíðar, hárgreiðslan minnir einna helst á heysáttu og sjó milna langar hermannabomsur halda honum við jörðina. Hann minnir á róna úr sögu eftir Charles Dickens, segir blaðamaðurinn.

Ljúflingur inn við beinið

Þegar Eddie er spurður um hetjur sínar nefnir hann Winston Churchill rithöfundinn Richmal Compton, sem reit „Bara William“ bækurnar. Pilturinn sá er ekki ósvipaður Eddie, dálitill töff og slarklegur á yfirborðinu, en ljúflingur inn við beinið.

Tenpole Tudor strákarnir eru auðvitað töffarar. Þeir klæðast leðurjökkum, sem þó eru ekki meiri leðurjakkar en svo að göt „þekja“ helming þeirra. Fyrir nokkru komst lag Tenpole Tudor, „Swords Of A Thousand Men“ inná topp tíu í Bretlandi og hefur haldið þar kyrru fyrir um hríð. En hverju skiptir það fyrir hljómsveitina? Gary trymbill segir að eini munurinn sé sá að nú þurfi hann ekki að endurtaka nafn hljómsveitarinnar þrisvar sinnum í feyrn á fólk. Hann bætir við að svona velgengisbrot skapi og vissa vellíðunartilfinningu.

Tívoliferð

Tenpole Tudor er fyrst og

Nokkur orð um

TENPOLE TUDOR

fremst hljómleikagrúpa. A sviðinu er hún í essinu sín og hljómleikar hennar teljast ósviknar skemmtanir. Hljómsveitin er eins og einn langur velheppnaður brandari, var sagt um hana í blaði. Og Eddie eins og kátur Iggy Pop! „Ég held að við höfðum til fólks sem kys að skemmta sér, því að fara á hljómleika með okkur er ef til vill ekki ósvipað því að fara í tvívoli“ segir Eddie.

Blaðamenn þreystast ekki á því að lýsa Eddie, þessum „hávarna trúði“, sem þeir telja „dæmigerðan breskan sérvitring“. Það er augljóst að hljómsveitin stendur og fellur með honum. „Þegar við erum einir ríkir algert jafnræði með okkur.“ segir Eddie „og félagslega séð er minn sess ekkert hærri en hinna.“

Tenpole Tudor vinnur fyrir Stiff og fór til Bandaríkjanna ekki alls fyrir löngu með nokkrum öðrum hljómsveitum Stiff. „Bandaríkin komu mér fyrir sjónir.“ segir Eddie. „Eins og þau þrífist bara á yfirborðinu. Mér fannst einmanalegt þar og það sótti að mér ótti. Þessi staður er eins og plastdolla utan af hamborgara.“ Raunar er þess að geta að tuttugasta öldin á hreint ekki uppá pallborðið hjá Eddie Tudor. Utgangurinn segir ef til vill dálitill til um það.

„Nútimafólk er of spekingslegt og fráhrindandi. Þú ferð í samkvæmi og allir rembast við að vera „kúl“ og yrða ekki hver á annan. Við viljum sniðganga þetta og bjóða uppá gleði, einhverja hreyfingu, eitthvert líf, — og hlyju.“

Þetta voru orð Eddie Tudors. Hljómsveitin hans, Tenpole Tudor, þykir einhver sú athyglisverðasta sem fram hefur komið þetta árið.


—Gsal

Hard Promises — Tom Petty & the Heartbreakers/BSR-5160

A síðasta ári sendi Tom Petty frá sér plötuna „Damn The Torpedos“ sem af flestum var talin afbragðs plata. Það er alltaf svo að hljómlistarmönnum reynist erfitt að fylgja metsöluplötunni eftir á sannfærandi hátt, oft er skotið yfir markið í því augnamiði að þjóna plötukaupendum. Tom Petty brennir sig ekki á þessu, ef eitthvað er þarf þessi plata ítarlegri hlustun en hin. Hins vegar hefur Petty skipt niður í fyrsta gir og ef til vill sakna aðdáendur hans kröftuga roksins. Mér hefur ætíð fundist Petty dálitill mistækur þó oftast takist honum vel upp, — og mér heyrir hann misstiga sig dálitill í nokkrum lögum á nýju plötunni. Byrðstillinn er þínulitill yfirþyrmandi á köflum, en við flest lög á plötunni má bætilega una. Og nokkrar perlu finnast ef grannt er hlustað.



Gunnar Salvarsson skrifar:



8,0 7,5

East Side Story — Squeeze/AMLH 64854

Akkúrat þrjú ár eru liðin frá því Lundúnahljómsveitin Squeeze sendi frá sér fyrstu plötu sína. Allan þennan tíma hefur hljómsveitin verið mjög efnileg, en hæfileikarnir hafa aldrei almennilega náð að blómstra. Tónlist Squeeze hefur einlægt valdið mér heilabrotum, stundum kann ég henni vel en í önnur skipti hefur mér leiðst hún, fundist hún einhæf og ófrumleg. A nýju plötunni hafa verið fengnir eldklárir stjórndendur með Elvis Costello í fararbroddi og það verður að segjast eins og er, að útkoman er miklu áheyrilegri en tiladmynda á „Argybargy“. Tónlistin er fyrst og fremst fjölbreyttari, lögin eru að sönnu misgöð, en það er svosem ekki úti bláinn sem Difford og Tilbrook hefur verið líkt við Lennon og McCartney. Meira er það nú samt keimurinn en snilldin sem ráðið hefur líkingunni. „East Side Story“ er ótvírátt besta plata Squeeze en herslumuninn skortir þó enn.

Eddy Tudor